

## Aðalfundur félags íslenskra félagsliða.

Aðalfundur haldinn í félagi íslenskra félagsliða 30.maí 2013 , kl 20:00 að Grettisgötu 89, ( SFR ) Reykjavík Fjarfundabúnaður sendur út á Akureyri , Húsavík, Sauðárkróki, Selfossi og Höfn,

Mætt var stjórnin þær Salvör Sigríður Jónsdóttir ( Sallý) formaður, Árdís Jónasdóttir gjaldkeri , Guðbjörg Benjamínsdóttir varaformaður, Guðrún Ásta Björgvinsdóttir, Olga Alexandersdóttir meðstjórnendur, Hafdís Sverrisdóttir varastjórn , Birna Jónsdóttir ritari og Rebekka Alvarsdóttir skoðanamaður reikninga . Á fundinn vantaði Elvu Hlín Harðardóttur meðstjórnanda og Birnu Sigurðardóttur varastjórn .

Mæting fundinn. Reykjavík 27 félagsliðar og 26 félagsliðar í fjarfundabúnaði. Formaðurinn setti fundinn og bauð fundagesti velkomna og bað Birnu Jónsdóttur ritara félagsins að rita fundagerð og stungið upp á Jóhannesi Levy sem fundarstjóra Fundastjóri steig í pontu og stjórnaði fundinum .

**Fyrsta má á dagskrá** skýrsla formanns. Sallý formaður fór yfir starfsárið og sagði frá hvað hafði áunnist og hver staðan er vegna lögildinguna. Hvað framundan væri.

Formaðurinn bauð sig fram til að starfa næsta starfsár

**Reikningar** . Gjaldkeri lagði fram ársreikninga félagsins til samþykktar. Gjaldkeri las upp ársreikningana fyrir þær sem voru í fjarfundabúnaði ,umræður um reikningana og fyrirspurnir, gjaldkeri gerði grein fyrir hverju og einu sem varðaði innihald reikningana . Ákveðið að senda reikninga til félagsmanna sem sitja aðalfundinn. ( fjarfundabúnað ) Gengið til atkvæðagreiðslu og reikningarnir samþykktir , nema að félagsliðar á Höfn sátu hjá .

**Lagabreytingar** Að aðalfundurinn skal haldinn í apríl ár hvert og gera breytingar með 10 daga fyrirvara með dagsetningu. Formaðurinn gerði grein fyrir hver ástæðan er og felst í m.a. að þjappa fólki saman Tillagan borin upp og samþykkt, samhljóða. Tillaga varðandi útistandandi ( ógreidd ) árgjöld þarf að breyta að þeir sem ekki geiða árgjöldin hafi ekki kosningarétt

**Kaffihlé.**

## **Kosning stjórnar**

Úr stjórn gengu Árdís Jónasdóttir gjaldkeri , Guðrún Ásta Björnvinsdóttir meðstjórnandi og Birna Sigurðardóttir varastjórn.

Fyrst er kosning formmans , Salvör Sigríður Jónsdóttir (Sallý) formaður endurkjörin með öllum atkvæðim .

Kosning varaformanns, varaformaður Guðbjörg Benjamínsdóttir endurkjörin samþykkt samhljóða.

Kosning Meðstjórnenda Elva Hlín Harðardóttir, Olga Alexandersdóttir endurkjörnar Hafdís Sverrisdóttir varastjórn sem kom inn sem meðstjórnandi. , atkvæðagreiðsla borin upp og samþykkt samhljóða.

Kosning tvo varamenn í stjórn þær Helen Meyers og Rebekka Alvarsdóttir , samþykkt samhljóða.

Kosning 2 Trúnaðarmenn til að sitja fundi hjá SFR þau Sigrún Þorsteinsdóttir Egilsstöðum og Jóhannes Levy Reykjavík borið upp og samþykkt samhljóða.

Skoðanamenn Reikninga þær Elva Björk Árnadóttir og Guðrún Ásta Björgvinsdóttir, samþykkt samhljóða.

Kostning ritara Birna Jónsdóttir endurkjörin, samþykkt samhljóða.

Kosning gjaldkeri í stað Árdísar sem gaf ekki kost á sér , kosningu hlaut Rúnar Þórir Þórisson, samþykkt samhljóða.

## **Önnur mál**

Sallý formaður las bréf varðandi löggildinguna og fór yfir hvað þarf að gera næst , skrifa þarf bréf og þarf að koma fram allt um félagsliða þ.a.s .menntun og starfslýsing. Það eru 3 aðrar stéttir. . það eru 37 umsóknir sem bíða svars. Fjölgað hefur félögum í félaginu á árinu, eru 490 félagsliðar skráðir í félagið.

Umræður um málpig sem fyrirhugað er að halda í haust.

Námskeið verða ekki í haust ,voru illa sótt.

Formaður kom með spurningu varðandi laun til stjórnar .Umræður um laun stjórnar . stungið upp á að formaðurinn fái smá laun fyrir vinnu við félagið . Að stjórnin fái laun fyrir að sitja fundi., að greitt verði fyrir fundasetu eftir á þ.a.s eftir aðalfund.

Umræður um launagreiðslu stjórnar hver há greiðslan á að vera , samþykkt að formaður fái kr.10.000.- og samþykkt að aðrir stjórnarmenn fái kr 5.000.- fyrir fundasetu .

Fyrirspurn kom úr sal með peysur með félagsliða merkinu á ,( Flíspeysur) að félagsliðar væri betur sýnilegri., að greitt yrði fyrirfram . Stjórnin ætlar að skoða það og kanna verð og fleira í því sambandi.

Formaður las upp ljóð eftir Elvu Sif Jónsdóttir sem var að útskrifast sem félagsliði frá Mímir.

Spurningar og umræður um hvort gera eigi vasabók , því vísað til stjórnar .

Fyrirspurn úr sal um hvert ætlar félagið að stefna að í nánari framtíð, formaðurinn svaraði fyrirspurn , t.d. fundir , að halda skemmtikvöld að virkja félagið, Fyrirspurn frá Akureyri hvort ætti að gera eitthvað nýtt ? . formaðurin svaraði fyrirspurn með að halda máþing að kynna félagið betur

Spurt út í merki félagsis hver hannaði það , fundastjóri saraði og útskýrði það.

Fundastjóri ávarpaði fundinn að dagskrin væri tæmd og fundi slitið kl . 22:00 .

Birna Jónsdóttir ritari.